

31 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 21. febr. ólöglegar lækningar. — Í þóknanlegu brjefi frá 6. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá álití yðar um kæru hjeraðslæknisins í 9. læknishjeraði yfir aðgjörðaleysi yfirvaldsins gagnvart ólærdum lækni í Húnavatnssýslu, Hannesi nokkrum Gíslasyni, og berið þjer um leið upp þá fyrirspurn, hvort amtið eigi eptirleiðis, eins og hingað til, að fara eptir því, sem segir í dómsmálastjórnarbrjefum frá 29. maí 1855 og 19. júlí 1856 um málshöfðun gegn smáskamtalæknum.

Af skjölum þeim, er fylgdu hrjefi yðar, sjest, að farið hefir fram rjettarrannsókn gegn Hannesi Gíslasyni fyrir ólöglegar lækningar, að hann undir þessari rannsókn gaf sig undir úrskurð amtsins og að málið þar eptir var útkljáð með amtsúrskurði frá 16. sept. 1880, er segir, að eigi sje nægileg ástæða til að ákveða honum fjesekt. Þennan úrskurð verð jeg að álíta fullnaðarúrskurð, að því er snertir þær ólöglegu lækningar, er Hannes til þess tíma hefir orðið sannur að, og leiði jeg því hjá mjer, að fara út í ástæður þær, er þessi úrskurður er byggður á, sbr. ráðgjafabrjef 9. febr. 1877 (B. 45).

Um meðferð á málum út af ólöglegum lækningum, er síðar kynnu að koma fyrir í umdæmi yðar, finn jeg að sinni því síður ástæðu til að skipa fyrir, sem það aptur og aptur hefir komið til tals á alþingi að breyta lögum vorum um skottulækningar. Jeg býst við, að þjer í hverju einstöku máli, er fyrir yður kynni að koma, hafið hliðsjón ekki að eins af hinum nefndu stjórnarbrjefum, en einnig af yfirrettardómum þeim, er síðan hafa gengið um ólöglegar lækningar, og verð að öðru leyti að fela yður sjálfum að útkljá þau mál, er skotið verður undir úrskurð yðar samkvæmt 10. gr. tilsk. 24. janúar 1838.

32 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 21. febr. skyldur bænda til að hlaða kirkjugarð. — Í 15. gr. reglugjörðar 17. júlí 1782 er fyrirskipað, að sóknarbændur skuli skyldir til á eigin kostnað að hlaða kirkjugarða og kirkjuveggi og að leggja þök á kirkjur, en að hinum allra-fátækustu megi gefa á kostnað kirkjunnar mat einu sinni á dag, og útvega verkfæri til að vinna með. Eptir að stjórn sveitamálefna hefir með 1. gr. tilskipunar 4. maí 1872 verið falin hreppsnefnd í hverjum hreppi, er það, eins og tekið er fram í 31. gr. hreppstjórareglugjörðarinnar frá 29. apríl 1880 hreppsnefndin í þeim hreppi, þar sem kirkjan er, sem á að sjá um, að bændur fullnægi skyldum sínum í nefnda átt. Hún verður því að útvega verkamenn þá og verkfæri, sem með þarf til að framkvæma slíkt skylduverk og að jafna kostnaðinum, er af því leiðir, niður á sóknarbændur; en hvort kostnaður þessi geti að nokkru leyti fengizt endurgoldinn úr sjóði kirkjunnar, mun komið undir því, hvernig verkið sje af hendi leyst og undir því, hvort sóknarbændur sjeu svo fátækir, að það verði talið þeim ofvaxið að bera kostnaðinn að öllu leyti sjálfir. Um það verður hreppsnefndin að reyna að koma sjer saman við kirkjueiganda þann, er í hlut á, og sje það landssjóðskirkja, sem spurning er um, verð jeg að álíta það nauðsynlegt, að leita fjárveitingar alþingis í slíku máli.

Samkvæmt því, er þannig er tekið fram, er jeg yður, herra amtmaður, samdóma um, að ekki sje heimild til nú að borga af tekjum Munkaþverárklausturskirkju kostnað þann, sem hreppsnefndin í Öngulsstaðahreppi getur um í erindi, er jeg meðtók með þóknanlegu brjefi yðar frá 12. f. m. um, að útvegaður verði handa tjeðri kirkju góður og sterkur sleði, til að flytja á grjót í kirkjugarð, og að þeir, er vinni að kirkjugarðin-

um fáí fœði á kostnað kirkjunnar. Hreppsnefndin verður að leggja út til bráðabirgða 32 þennan kostnað sje hann nauðsynlegur og jafna honum niður. Alíti hún, að hún hafi 21. febr. rjettar- eða sanngirniskröfu til að fá kostnaðinn endurgoldinn úr landssjóði, verður hún að fara slíks endurgjalds á leit við alþingi; en vilji hreppsnefndin ekki sætta sig við þau úrslit, er slík beiðni kynni að fá í fjárlögum landsins, er ekki annað ráð en að leita til dómstólanna.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 33 fyrirkallsfrest til sátta. — Út af fyrirspurn sáttanefndarinnar á Akureyri hafið þjer, 22. febr. herra amtmaður, leitað álits míns um það, hvort fyrirkallsfrestur til sátta í tjeðum kaupstað sje kvöldfrestur eða fjórir dagar, eins og í sveitum.

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, að spurning um fyrirvara fyrir sáttatilraun sætir úrlausn dómstólanna; en að jeg fyrir mitt leyti er yður samdóma um, að fyrirmæli 23. greinar tilskipunar 20. jan. 1797 hafi lagagildi alstaðar hjer á landi, og heimila þau þeim, er kallaður er yrir sáttanefnd, 4 daga fyrirvara.

— Brjef landshöfðingja til biskups um uppbót á fátökum brauðum. — Samkvæmt 34 tillögum yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi 20. þ. m. skal 4500 kr. þeim, sem með 24. febr. 13. gr. A. b. 2. fjárlaganna eru veittar fyrir árið 1882 til bráðabirgðauppbótar fátökum prestaköllum skipt þannig, að

		flutt: 1950 kr.	
1. Skeggjastaðir	fái 100 kr.	15. Kirkjubólsping	fái 200 —
2. Desjamýri	— 100 —	16. Staður í Aðalvík . . .	— 400 —
3. Kálfafellsstaður . . .	— 200 —	17. Staður í Grunnavík . .	— 150 —
4. Sandfell	— 400 —	18. Tröllatunga	— 100 —
5. Kálfholt	— 150 —	19. Tjörn á Vatnsnesi . . .	— 100 —
6. Stóruvellir	— 100 —	20. Hvammur og Keta	— 200 —
7. Efri-Holtaping	— 100 —	21. Fell	— 200 —
8. Staður í Grindavík . .	— 200 —	22. Goðdalir	— 100 —
9. Hestþing	— 100 —	23. Stærri-Árskógur	— 100 —
10. Lundur	— 100 —	24. Miðgarður í Grímsey . .	— 100 —
11. Hvammur í Norðurárdal	— 100 —	25. Hvanneyri	— 200 —
12. Skarðsping	— 100 —	26. Kviabekkur	— 200 —
13. Gufudalur	— 100 —	27. Þönglabakki	— 300 —
14. Sauðlauksdalur	— 100 —	28. Lundabrekka	— 200 —
	flyt 1950 —		Alls 4500 —

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra biskup, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum og vísa jeg um útborgun þessara uppbóta til ráðgjafabrjefs 11. nóvbr. f. á. (B. 161).